

## Verklagsreglur um úthlutun styrkja til forvarnamála

### 1. gr.

Grindavíkurbær vill stuðla að forvörnum og eflingu félagsauðs í sveitarfélaginu. Markmið með úthlutun styrkja til forvarnamála er m.a. að bæta andlega líðan, heilsu og sjálfsmynd, sem og að draga úr og hindra neikvæða hegðun, svo sem vímuefnaneyslu, ofbeldi og afbrot. Með styrkjunum er stefnt að því að veita einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum og stofnunum tækifæri til frumkvæðis og nýsköpunar í Grindavík.

### 2. gr.

Styrkir eru eingöngu veittir til verkefna með að minnsta kosti eina af eftirtöldum áherslum:

- Forvarnir í þágu barna og unglunga.
- Efling félagsauðs.
- Bætt lýðheilsa.
- Markvisst samstarf íbúa, félagasamtaka og fyrirtækja í þágu forvarna og félagsauðs.
- Verkefni sem mæta þeim markmiðum sem frístunda- og menningarnefnd Grindavíkurbæjar setur hverju sinni.

Forvarnateymi Grindavíkurbæjar getur sett sérstök skilyrði um styrkveitingar, svo sem að lögð verði áhersla á tiltekin málefni eða málaflokka.

### 3. gr.

Forvarnateymi Grindavíkurbæjar hefur umsjón með styrkveitingum. Auglýst skal eftir umsóknum að minnsta kosti einu sinni á ári.

### 4. gr.

Ekki er veittur styrkur til reglubundins reksturs eða reglubundins launakostnaðar. Ekki eru veittir styrkir til sama verkefnis oftár en einu sinni nema sérstakur rökstuðningur fylgi.

### 5. gr.

Umsækjendur sækja um styrki með því að fylla út þar til gerð eyðublöð. Í umsókn skal taka fram nafn, kennitölu og heimilisfang ábyrgðaraðila. Umsóknum skal fylgja greinargerð um viðkomandi verkefni, markmið þess og framgang. Leggja skal fram kostnaðaráætlun og gögn þar af lútandi.

### 6. gr.

Styrkir eru greiddir út þegar samningar hafa verið undirritaðir. Forvarnateymi Grindavíkurbæjar getur sett sérstök skilyrði um einstaka styrkveitingar, s.s. að styrkur skuli greiddur út í fleiri greiðslum og að verkefnum ljúki innan tiltekinna tímamarka.

### 7. gr.

Komi í ljós að styrk hafi ekki verið varið í tilgreint verkefni innan tveggja ára frá greiðslu hans eða vikið hafi verið frá upplýsingum í umsókn, skal styrkþegi endurgreiða styrkinn í samræmi við styrksamning styrkþega og Grindavíkurbæjar. Sé styrkur ekki sóttur á því ári sem hann er veittur fellur hann niður.

8. gr.

Styrkþegar skulu skila Grindavíkurbæ greinagerð um ráðstöfun styrksins. Greinagerð skal skilað á þar til gerðu eyðublaði þegar viðkomandi verkefni er að fullu lokið í samræmi við styrktarsamning styrkþega og Grindavíkurbæjar.

9. gr.

Styrkþegar skulu ávalt birta merki Grindavíkurbæjar í kynningarefni og láta þess getið að verkefnið hafi verið styrkt af Grindavíkurbæ.